

Bókun forsætisnefndar.

Forsætisnefnd hefur haft til meðferðar erindi Kristjáns Halls, Langholtsvegi 160 í Reykjavík, um meint brot Ágúst Ólafs Ágústssonar, alþingismanns á siðreglum fyrir alþingismenn, „um kynferðislegt áreiti hans gagnvart konu“. Engin gögn eða nánari upplýsingar um málavexti fylgdu erindinu. Fyrir liggur yfirlýsing ÁÓÁ á facebook síðu hans 7. desember sl., þar sem hann upplýsir að hann hefði nokkrum dögum áður hlotið áminningu frá trúnaðarnefnd Samfylkingarinnar, sem hann vildi upplýsa um og skýra opinberlega frá málsatvikum sem leiddu til þeirrar niðurstöðu. Jafnframt liggur fyrir athugasemd þolanda við yfirlýsinguna í fjölmiðlum 11. desember sl. Er þar m.a. vísað til niðurstöðu trúnaðarnefndarinnar frá 27. nóvember sl., þar sem fram komi að ÁÓÁ hafi hlotið áminningu fyrir ótillhlýðilega háttsemi gagnvart konu í júní 2018, skv. reglum Samfylkingarinnar um móttöku og meðferð umkvartana á sviði eineltis og áreitni.

Forsætisnefnd tekur fram að siðareglur fyrir alþingismenn gera ekki þá kröfu að sá sem leggur fram erindi tengist máli eða að hátterni þingmanns hafi bitnað á honum.

Við mat á því hvort hátterni ÁÓÁ teljist opinber framganga sem falli undir gildissvið siðareglna fyrir alþingismenn, sbr. 2. gr. reglnanna, leitaði forsætisnefnd eftir ráðgefandi áliti siðanefndar, sbr. 16. gr. reglnanna. Er í svari siðanefndar vísað til þess að eins og málið liggur fyrir telji „siðanefndin sér ekki fært að leggja mat á þau álitafni sem felast í erindi forsætisnefndar til sín.“ Vísaði nefndin þar til þess að erindið væri ekki rökstutt með vísan til tilgreindra ákvæða siðareglna fyrir alþingismenn. Þá yrði ekki fram hjá því litið að sá aðili sem hið meinta hátterni bitnaði á hefði ekki leitað til forsætisnefndar vegna meints brots á siðareglum. Af þessu má ráða það mat nefndarinnar að slík staðreynd geti eins og horfi við í málinu skipt meira máli en hvort mál falli undir siðareglur fyrir alþingismenn, þar sem aflu þyrfti upplýsinga frá aðila sem ekki hefði óskað eftir afskiptum forsætisnefndar af því. Forsætisnefnd fellst á að slíkar aðstæður geti skipt máli enda sé þá litið til sjónarmiða um nærgætni og sanngirni gagnvart þeim sem hlut á að máli.

Af fyrirbyggjandi gögnum má ráða að málavextir séu óumdeildir og að ÁÓÁ hafi fallist á niðurstöðu trúnaðarnefndar Samfylkingarinnar. Sú niðurstaða sem þar er lýst verður að telja alvarlegan áfellingisdóm um hátterni þingmannsins. Þegar litið er til niðurstöðu siðanefndar og þess áfellingisdóms sem opinberlega liggur fyrir í niðurstöðu trúnaðarnefndarinnar, er það hins vegar niðurstaða forsætisnefndar, að undangengnu heildstæðu mati, að fyrirbyggjandi erindi gefi ekki tilefni til frekari athugunar af hennar hálfu. Er þá einkum höfð hliðsjón af 1. másl. 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.